

HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

Alþingi
Erindi nr. P P / 138/63
komudagur 4.11.2009

Dagsetning
10.08.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík

Eftirfarandi mál var til umfjöllunar á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 03.11.2009 og var afgreiðsla þess sem hér segir:

11 0812022 - Suðvesturlínur, raforkuflutningskerfi


Lagt fram bréf nefndasviðs Alþingis dags. 22.10.2009 þar sem vísað er til umsagnar tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að fela sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs að senda nefndarsviði Alþingis afrit af umsögn um Suðvesturlínu, sem send var Skipulagsstofnun í október sl.

Umrætt afrit af umsögn til Skipulagsstofnunar fylgir hér með.

Virðingarfyllst,

Dr. Bjarki Jóhannesson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,
sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs



HAFNARFJARÐARBÆR
Skipulags- og byggingarsvið

Dagsetning
10.08.2009

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umsögn um sameiginlegt mat fyrir Suðvesturlínur

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar erindi Skipulagsstofnunar "Sameiginlegt mat styrkingar raforkukerfisins á Suðvesturlandi, SV lína og orkuvera", bréf dagsett 06.10.2009.

Meðfylgjandi er umsögn Hafnarfjarðarbæjar, sem samþykkt var í skipulags- og byggingarráði 20.10.2009.

Hvað Hafnarfjörð varðar er endurnýjun og breyting á staðsetningu raflína nauðsynleg aðgerð hvort sem kemur til nýrra notenda raforku og nýrra virkjana eða ekki. Algjör nauðsyn er að fjarlægja Hamraneslínur innan lands Hafnarfjarðar og minnka vægi spennuvirkisins við Hamranes sem allra fyrst. Raflínurnar og spennivirkið eru þétt upp við íbúðarbyggð á Völlum og Hamranesi, auk þess að vera í byggingarsvæði væntanlegra skóla og leikskóla á Hamranessvæði. Sama gildir um Suðurnesjalínu, sem gengur þvert yfir skipulagt akstursæfingasvæði, og Búrfellslínu 3, sem er innan væntanlegs íbúðarsvæðis í síðari áföngum Hamranessvæðis.

Sé litið til hugsanlegrar aukningar á raforkuþörf Hafnarfjarðar, er þar tvennt til skoðunar, en ekkert fast í hendi. Álverið í Straumsvík hefur áform um aukna framleiðslu innan núverandi byggingarsvæðis, og hefur mat þeirrar stækkunar þegar farið fram. Tvennir aðilar hafa lýst áhuga á að reisa gagnaver í Hellnahrauni og Kapelluhrauni. Enn er það þó of skammt á veg komið til að kalla á mat á umhverfisáhrifum. Þótt hér sé bent á nauðsyn þess að breyta flutningskerfinu, er því ekki hægt að segja til um það á þessari stundu hvort hugsanleg breyting á raforkuþörf í Hafnarfirði kallar á jafn umfangsmiklar raflínur og tillaga Landsnets gerir ráð fyrir. Hvað varðar virkjanir innan lands Hafnarfjarðar er enn sem komið er aðeins um að ræða tilraunaboranir í Krýsuvík, og er alls óvíst um niðurstöður þeirra rannsókna.

Niðurstaða:

Hvað varðar endurnýjun og breytingu á staðsetningu raflína innan lands Hafnarfjarðar má því segja að það sé nauðsynleg aðgerð, óháð virkjunum eða notendum raforkunnar, og er sameiginlegt mat því ekki nauðsynlegt á þessu stigi hvað hagsmuni Hafnarfjarðar varðar.

Dr. Bjarki Jóhannesson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,
sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs